

# *Leikskólinn Hlaðhamrar*

Starfsáætlun 2022-2023



Heimilisfang : Hlaðhamrar  
Sími: 566-6351

Netfang: [hlad@mos.is](mailto:hlad@mos.is)  
Vefsíða: [www.hladhamrar.leikskolinn.is](http://www.hladhamrar.leikskolinn.is)

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	3
<b>Ávarp leikskólastjóra</b> .....	4
<b>1. Áherslur í starfi leikskólans</b> .....	5
<b>1.1 Stefna og markmið</b> .....	5
<b>1.2. Menntastefna Mosfellsbæjar</b> .....	5
<b>1.3 Áherslur skólaársins</b> .....	6
<b>2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun</b> .....	7
<b>2.1. Matsáætlun Innra mat skólaársins 2022-2023</b> .....	7
<b>2.2 Ytra mat</b> .....	7
<b>2.3 Umbótaáætlun</b> .....	9
<b>3. Starfsmannamál og áætlanir</b> .....	10
<b>3.1 Starfsmannahópurinn 1. September 2022</b> .....	10
<b>3.2 Starfsþróunarsamtöl</b> .....	10
<b>3.3 Endurmenntun</b> .....	10
<b>3.4 Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2022-2023</b> .....	11
<b>4. Aðrar upplýsingar</b> .....	12
<b>4.1. Barnahópurinn</b> .....	12
<b>4.2 Foreldrasamvinna</b> .....	12
<b>4.3 Samvinna leik- og grunnskóla</b> .....	13
<b>4.4 Leikskóladagatal 2022-2023</b> .....	14
<b>4.5 Hefðir á Hlaðhömrum</b> .....	15

## **Formáli**

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

## **Ávarp leikskólastjóra**

Nýtt skólaár er að hefjast og fer ég full tilhlökkunar inn í það.

Síðustu ár hafa verið erfið og full af áskorunum sem við lærðum mikið af. Covid skall á fyrri hluta ársins með miklum þunga og hafði mikil áhrif á heilsu og líðan starfsfólks og sumir enn að glíma við eftirköst. Það má með sanni segja að starfsfólk eigi miklar þakkir skyldar fyrir að hafa staðið vaktina á þessum erfiðu tímum.

Með nýju starfsári taka við nýjar áskoranir, hreyfingar á starfsfólki, einhverjir hafa horfið til annarra starfa og aðrir í nám. Auglýst hefur verið eftir kennurum og öðru starfsfólki en fáar umsóknir hafa borist og erum við því enn að leita. Leikskólakennara er ekki að fá og veldur það okkur miklum áhyggjum, því við viljum jú vera framsækinn menntastofnun. Það er því mjög mikilvægt að hlúa að kennurum sem fyrir eru hjá Mosfellsbæ en ég vil taka það fram að mannauður Hlaðhamra er að mínu mati algerlega frábær. Þar er kjarni sem hefur unnið saman í langan tíma sem er styðjandi, samheldinn og vinnur frábært og metnaðarfullt fagstarf. Við vinnum í anda fráberrar uppeldisstefnu sem límir saman skólann og starfsfólkið.

Miklar breytingar hafa átt sér stað bæði á Hlaðhömrum og Hlíð þar sem Ragnheiður kvaddi Hlíð og ég tók að mér stjórn yfir báðum skólunum, hefur það verið mikil áskorun. Þetta hefur bæði verið mjög erfitt og gaman í senn. Í fyrstu var eingöngu ákveðið að gera tilraun til eins árs en nú hef ég tekið að mér að prófa eitt ár til viðbótar. Þetta hefði aldrei gengið svona vel nema vegna þess stuðnings sem ég hef fengið frá starfsmönnum í báðum skólum og vil ég þakka þeim fyrir það.

Ég vil enda þennan pistil á því að segja að Hlaðhamrar er elsti leikskóli bæjarins og er að mínu mati í fallegasta húsi bæjarins. Því tel ég mjög mikilvægt að því sé viðhaldið sem slíku. Það er komið að miklu viðhaldi utanhúss. Ég hef haft mikinn metnað fyrir því að húsinu sé haldið í góðu standi en betur má ef duga skal.

Einnig er mjög mikilvægt að leikskólalóðir leikskólanna sé vel við haldið. Lóðin við leikskólann Hlaðhamra er mjög falleg þegar kemur að náttúrulegu umhverfi. En leiktækin og undirlag er barn síns tíma og verður að huga að því hið fyrsta.

Sveinbjörg Davíðsdóttir

Leikskólastjóri Hlaðhamra

Mosfellsbæ

# **1. Áherslur í starfi leikskólans**

## **1.1 Stefna og markmið**

Að stuðla að framsæknu skólastarfi með hugmyndir Reggio Emilia að leiðarljósi.

Að mæta barninu á jafnréttisgrundvelli og á þeirra forsendum því þau eru ólíkir einstaklingar með misjafnar þarfir.

Að skapa uppbyggilegt umhverfi og aðstæður sem virkja þau til að takast á við verkefni við þeirra hæfi, því öll eru þau sterkir einstaklingar sem hafa mikið fram að færa.

Að leggja áherslu á skapandi starf þar sem tekið er tillit til löngunar barnsins hér og nú og þeim búin skapandi efniviður og aðstæður í máli og myndum, til leikja sem og í öðru starfi. Með þessu teljum við að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur með hæfni til að velja og hafna í framtíðinni og takast á við formlegra nám síðar meir.

Að áhersla sé á gæði í samskiptum, til að geta tileinkað sér virðingu, vináttu og kærleik.

*Gildi Mosfellsbæjar – Virðing – Jákvæðni – Framsækni - Umhyggja*

## **1.2. Menntastefna Mosfellsbæjar**

Leiðarljós nýrrar menntastefnu Mosfellsbæjar er að skóla- og frístundastarfið sé í fremstu röð og þar fái allir notið sín. Unnið sé að velferð og vexti allra hagaðila með jákvæðum samskiptum, valdeflingu, sveigjanleika og upplýsingum um starfið.

Á sameiginlegum fræðsludegi leik- og grunnskóla 23. september verður hafist handa við að kynna menntastefnuna.

Á Hlaðhömrum verður stefnan mátuð við starfið og námskrána og hugað að breytingum sem gæti þurft að gera.

### 1.3 Áherslur skólaársins

<i>Verkefni</i>	<i>Markmið</i>	<i>Leiðir</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Mat</i>
<i>Námsskrá</i>	<i>Uppfæra með tilliti til nýrrar menntastefnu Mosfellsbæjar</i>	<i>Faghópur rýnir og endurmetur</i>	<i>Sveinbjörg Davíðsdóttir</i>	<i>Fagfundur</i>
<i>Skapandi efniviður</i>	<i>Auka vægi skapandi/opins efniviðar</i>	<i>Námskeið í Brighton. Nærumhverfi</i>	<i>Harpa Gísladóttir</i>	<i>Fagfundur</i>
<i>Skráningar</i>	<i>Skoða þroskaferli barnsins Gera starfið sýnilegt</i>	<i>Skriflegar/ljósmynda skráningar</i>	<i>Guðrún H Kristjánsdóttir</i>	<i>Fagfundur</i>
<i>Útikennsla</i>	<i>Efla útikennslu</i>	<i>Námskeið í Brighton</i>	<i>Dóra G Wild</i>	<i>Fagfundur</i>

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1. Matsáætlun Innra mat skólaársins 2022-2023

Matsteymi skólaársins er skipað eftirtöldum:

Sveinbjörg Davíðsdóttir

Guðrún Helga Kristjánsdóttir

Dóra Guðrún Wild

Harpa Gísladóttir

Sandra Sif Guðfinnsdóttir

<i>Viðfangsefni</i>	<i>Markmið</i>	<i>Gagnöflun</i>	<i>Tímaáætlun</i>	<i>Ábyrgðaraðilar</i>
<i>Aðlögun nýrra barna</i>	<i>Hvað og eða hvernig má gera betur</i>	<i>Spurningalisti til foreldranna og skráningar kennara</i>	<i>október</i>	<i>Sandra Sif Guðfinnsdóttir Jóhanna Þ Gunnarsdóttir</i>
<i>Hlaðhamrar með augum barnanna</i>	<i>Í hvaða ljósi sjá börnin skólann sinn.</i>	<i>Skráningar með börnum bæði með ljósmyndum og samtölum</i>	<i>apríl 2023</i>	<i>Harpa Gísladóttir Dóra G Wild</i>
<i>Undirbúningstímar kennara</i>	<i>Að skoða hvernig tíminn nýtist sem best til eflingar fagmennsku og gæði leikskólastarfsins.</i>	<i>Kennarar skrá í hverri viku helstu verkefni.</i>	<i>apríl 2023</i>	<i>Guðrún H Kristjánsdóttir</i>

### 2.2 Ytra mat

#### **Foreldrakönnun**

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins, könnunin var lögð fyrir í febrúar síðastliðnum. Svarhlutfall var 90,6 %

Í opnum spurningum fengum við mikið af fallegum hvatningarorðum og ábendingum.

#### **Daglegt leikskólastarf**

Ánægja með Hlaðhamra 92,2% (92,2% landið)

Ánægja með stjórnun 98,2% (95,2 % landið)

Ánægja barnsins á Hlaðhömrum 97,3% (94,8 % landið)

Ánægja með holt mataræði 98,1 % (95,2% landið)

Ánægja með húsnæði og aðstöðu 93,1 % (91,2 % landið)

#### **Námsumhverfi**

Vinnubrögð 91;4% (landið 89,1 %)

Aðstaða 95,6% (92,6% landið)

Félagsleg samskipti 100% (95,3 % landið)

Pátttaka án aðgreiningar 93,3 % (landið 97,2%)

### **Samskipti við foreldra**

Ánægja með upplýsingamiðlun er 66 % (landið 74,9%).

Þekking á stefnu á námskrá leikskólans er 75% (landið 81,4%).

Tengsl við starfsfólk leikskólans meta foreldrar 94,4% (landið 91,8%)

Hvatning til þátttöku í leikskólasterfinu er 76, 1% (landið 63,8%.)

Ánægja með heimasíðu skólans 80,6% (landið 85,3%)

### **Upphaf og lok skólagöngu**

Leikskólabyrjun 53,3% (landið 74,2%)

Flutningur milli skólastiga 75% (landið 67,6%)

Flutningur milli deilda 96,4% (landið 90,5%)

### **Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta (nýr þáttur og svarhlutfall er ekki hátt)**

Hlutfall sérfræðipjónustu og stuðnings 14% (landið 14,7%)

Hlutfall sérfræðipjónustu 15,1% (landið 9,9%)

### **Aukaspurning þetta árið**

#### **Spurt var um ánægju með Covid viðbrögð leikskólans**

Ánægja var 98% (landið 95,4%)

### **Starfsmannakönnun**

Starfsmannakönnunin var send út í apríl 2022, svarhlutfall var 84,2%. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að 81% segjast ánægðir í starfi, 87% segja starfsandann vera góðan og 81% segjast ráða vel við það álag sem á þeim er í starfi

- Ánægja í starfi er á pari við síðustu könnun
- Starfsandi er góður og er örlítið betri en við síðustu könnun
- Notkun Workplace er ekki mikil.
- Svörun barst varðandi einelti. Sú svörun er tekin alvarlega og mun verða unnið markvisst að því að bæta úr þeim þætti



## 2.3 Umbótaáætlun

<i>Umbótaþáttur</i>	<i>Markmið</i>	<i>Aðgerðir</i>	<i>Tímaáætlun</i>	<i>Ábyrgð</i>
<i>Upphaf og aðlögun leikskólagöngu</i>	<i>Að allir viðkomandi upplifi upphaf leikskólagöngu jákvæða</i>	<i>Rýnt í og skerpt á móttökuáætlun og foreldrakver skoðað</i>	<i>Byrjun nóvember</i>	<i>Sandra S Guðfinnsdóttir</i>
<i>Starfsmannaánægja</i>	<i>Að stuðla starfsánægju allra og efla jákvæð samskipti</i>	<i>Snerpuviðtöl Nýliðanámskeið Hópefli</i>	<i>Unnið markvisst yfir skólaárið</i>	<i>Sveinbjörg Davíðsdóttir</i>
<i>Upplýsingagjöf til starfsmanna – Workplace</i>	<i>Efla upplýsingagjöf</i>	<i>Virkja stjórnendur og starfsmenn í notkun Workplace</i>	<i>Október</i>	<i>Guðrún Helga Kristjánsdóttir</i>
<i>Upplýsingagjöf til foreldra/forráðamanna</i>	<i>Efla upplýsingagjöf</i>	<i>Karellen Fréttabréf</i>	<i>Október</i>	<i>Guðrún Helga Kristjánsdóttir</i>

### **3. Starfsmannamál og áætlanir**

#### **3.1 Starfsmannahópurinn 1. September 2022**

Á Hlaðhömrum er lögð mikil áhersla á gæði í samskiptum og virðingu fyrir hvort öðru og starfinu.

Það er fjölbreyttur hópur starfsmanna á Hlaðhömrum, kennarar með leyfisbréf, háskólamenntaðir starfsmenn og starfsmenn með langa starfsreynslu í bland við nýbyrjaða. 1. september voru 29 starfsmenn á launaskrá, 26 starfandi og 3 í leyfi. Af þessum 29 eru 9 starfsmenn í hlutastarfi.

#### **3.2 Starfsþróunarsamtöl**

Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel í vinnunni og allir fái tækifæri til að tjá sig og koma með hugmyndir.

Stefnt er að því að allir starfsmenn fái á skólaárinu 1x starfsmannaviðtal og 2x snerpuviðtal

#### **3.3 Endurmenntun**

Endurmenntun fer fram jafnt og þétt allt árið, starfsmenn sækja námskeið og ráðstefnur sem skólaskrifstofa stendur fyrir sem og að eigin vali. Skipulagsdagur eru einnig vel nýttir til námskeiða og fyrirlestra af ýmsu tagi.

### 3.4 Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2022-2023

<i>Starfspróun 2022-2023</i>	<i>Efni</i>	<i>Þátttakendur</i>
<i>Starfsdagur 18. ágúst,</i>	<i>Erindi um samskipti á vinnustað og uppeldisstefnu Reggio Emilia</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>23. september Sameiginlegur fræðsludagur leik- og grunnskóla</i>	<i>Innleiðing nýrrar menntastefnu Mosfellsbæjar-Heimurinn er okkar</i>	<i>Allir starfsmenn</i>
<i>22.-26.október Námsferð til Brighton Englandi</i>	<i>Námskeið í útinámi, skapandi efnivið og sagnalist</i>	<i>Flestir starfsmenn</i>
<i>31. október þróunarverkefni í leikskólum í Garðabæ, Mosfellsbæ og Hafnarfirði</i>	<i>Innra mat í leikskóla</i>	<i>Sveinbjörg Davíðsdóttir Guðrún Helga Kristjánsdóttir</i>
<i>12. september Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins</i>	<i>Kennum nýja færni</i>	<i>Karen Kristín Ralston</i>
<i>9. nóvember – Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.</i>	<i>Náttúruleg kennsla</i>	<i>Karen Kristín Ralston</i>
<i>21. nóvember Vinnuvernd</i>	<i>Námskeið um vinnuvernd</i>	<i>Dóra Guðrún Wild Guðrún Helga Kristjánsdóttir</i>
<i>2. janúar starfsdagur</i>	<i>Unnið úr námsferð</i>	<i>Allir</i>
<i>Nánari dagskrá liggur ekki fyrir</i>		

## **4. Aðrar upplýsingar**

### **4.1. Barnahópurinn**

Tölulegar upplýsingar 1.september 2022

<i>Heildarfjöldi barna</i>	<i>76</i>
<i>Drengir</i>	<i>43</i>
<i>Stúlkur</i>	<i>33</i>

<i>Fæðingarár</i>	<i>Nemendur</i>
<i>2017</i>	<i>16</i>
<i>2018</i>	<i>21</i>
<i>2019</i>	<i>19</i>
<i>2020</i>	<i>20</i>

<i>Tungumál</i>	<i>Nemendur</i>
<i>Íslenska</i>	<i>68</i>
<i>Litháíska</i>	<i>1</i>
<i>Sænska</i>	<i>1</i>
<i>Danska</i>	<i>2</i>
<i>Pólska</i>	<i>4</i>
<i>Lettneska</i>	<i>1</i>
<i>Hollenska</i>	<i>1</i>
<i>Enska</i>	<i>2</i>
<i>Býska</i>	<i>1</i>

### **4.2 Foreldrasamvinna**

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis og sjónarmið og framlag foreldra til leikskólastarfsins því afar mikilvægt. Þegar börnin hefja leikskólagöngu sína er grunnur lagður að samstarfi skólans og heimilisins og mikilvægt er að fullt traust sé þar á milli.

Fyrir leikskólagöngu barnsins eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá skólastjóra þar sem þeim eru kynntar ýmsar upplýsingar t.d. stefna skólans, áherslur, heimasíðan, sem og foreldrakverið og námskráin.

Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn að hausti þar sem kynnt er starf vetrarins. Foreldraviðtöl eru síðan haldin tvisvar á ári þar sem kennari barnsins og foreldrar ræða saman um barnið. En að sjálfsögðu er hægt að óska eftir viðtali hvenær sem er. Ekki má gleyma hinum daglegu samskiptum þegar foreldrar koma með og sækja börn sín en þá gefst gott tækifæri til veita upplýsingar á báða bóga. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfi hans.

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann og er það mikilvægur þáttur í samstarfi foreldra og leikskólans. Foreldrafélagið er skipað átta fulltrúum tveim frá hverri deild. Foreldrar geta boðið sig fram til starfa í foreldrafélaginu.

Hlutverk foreldraráðsins er að kynna sér innra starf leikskólans og foreldrar geta haft áhrif þar, í ráðinu sitja þrír fulltrúar sem kosnir/tilnefndir eru að hausti. Foreldráðið fundar 4-5 sinnum yfir starfsárið eða oftár ef þurfa þykir. Fundargerðir verða aðgengilegar á heimasíðu skólans.

### **4.3 Samvinna leik- og grunnskóla**

Sumarleikskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar. Þar sem allir leikskólar sameinast í einn Sumarleikskóla á einum leikskóla bæjarins í fjórar vikur.

Leikskólarnir Hlaðhamrar og Hlíð eru í samstarfi vegna aðlögunar á börnum milli leikskólanna. Börn sem eru á Hlíð koma í nokkrar skipulagðar heimsóknir á sumrin með kennurum sínum á þær deildar sem þau koma til með að byrja á að hausti. Þetta er gert til að auðvelda aðlögun að hausti. Einnig hittast deildarstjórar leikskólanna og miðla áfram upplýsingum um börnin.

Hlaðhamrar og Hlíð eru með útisvæði sem liggja hvort að öðru og hafa skólarnir verið í samstarfi með það að fá að nýta útisvæði hjá hvor öðrum. Einnig hefur verið gott samstarf við grunnskóla Mosfellsbæjar þegar börn frá Hlaðhömrum eru að fara í grunnskóla að hausti. Hlaðhamrar hafa komið upplýsingum um börnin til viðkomandi skóla. Varmárskóli hefur svo alltaf boðið börnum sem þangað fara í heimsókn í skólann með kennurum frá Hlaðhömrum.

## 4.4 Leikskóladagatal 2022-2023

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

### Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Hlaðhamrar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur - samnefni	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fundaðagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Vaxandiádagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M <b>Skóladagur</b>	2 F	2 F	2 S Þátturásdagur	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjálfstjórnardagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Hvítiríttindagurinn	6 M Dagur skólakabla	6 M	6 F Þingdagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur skólakabla	7 Þ	7 F Þingdagurinn þingi	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F Dagur barns	8 L	8 Þ	8 S	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þakadagur	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M Áttundagurinn	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur skólakabla	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ Dagur skólakabla	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur skólakabla	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L Sjálfstjórnardagurinn	17 M
18 F <b>Skóladagurinn 11.10</b>	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F Sjálfstjórnardagurinn	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M
20 L	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F Dagur skólakabla	20 M	20 M	20 F Sjálfstjórnardagurinn	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L Þingvinaádagurinn	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F <b>Skóladagurinn 11.10</b>	23 S	23 M	23 F Þorlaxnissdagurinn	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M <b>Skóladagurinn - skóli</b>	24 F	24 L Sjálfstjórnardagurinn	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 Þ	25 F <b>Skóladagurinn - skóli</b>	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M Erpiptunardagurinn	26 M <b>Skóladagurinn - skóli</b>	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S Hvítársdagurinn	28 M	28 F
29 F	29 Þ	29 L	29 Þ	29 S	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Áttundagurinn	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M	31 M	31 M	31 Þ	31 L Gamladagurinn	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M

## 4.5 Hefðir á Hlaðhömrum

### Jólin

Það er okkar markmið að reyna að skapa rólega jólastemningu í jólamánuðinum.

Í byrjun desember höldum við aðventukaffi fyrir fjölskyldur barnanna, þau borða morgunmat saman og fá piparkökur sem börnin hafa bakað. Litlu jólin eru haldin um miðjan desember, þá fáum við jólasveina í heimsókn, dönsum í kringum jólatréð og borðum jólamatinn.

### Þorrinn

Í kringum þorrann eru börnin á eldri deildunum búin að fræðast aðeins um gamla tímann og þorrann. Á bóndadaginn bjóðum við svo öfum og pöbbum barnanna í morgunmat.

### Árbæjarsafn

Í tengslum við þorrann förum við í heimsókn með elstu börn leikskólans á Árbæjarsafnið, þar skoðum við gamla bæinn og fræðumst um lífið í gamla daga.

### Öskudagur-Bolludagur-Sprengidagur

Fyrir þessa daga erum við gjarnan búin að ræða aðeins um þá. Á bolludaginn eru bollur í boði í nónhressingunni og á sprengidaginn er saltkjöt og baunir í hádegismat. Á öskudaginn höldum við svo furðufataball og börnin koma ef þau vilja í hverskonar búningum, kötturinn er sleginn úr tunnunni og opið er á milli deilda.

### Konudagur

Þá er mömmum og ömmum barnanna boðið að koma í morgunmat.

### Sólarkaffi

Sá siður er viðhafður hér á Hlaðhömrum að halda sólarkaffi í febrúar. Þá fögnum við því að sjá aftur til sólar hér á leikskólanum, þegar sólin nær að skína yfir Lágafellið eftir að hafa verið í felum í svartasta skammdeginu. Öll börnin koma saman í sal, listaskála og á Höfða, bakaðar eru vöflur.

### Sumarhátíð

Einhvern góðviðrisdag í lok maí eða byrjun júní er sumarhátíðin haldin. Öll börnin hittast að morgni og farið er í skruðgöngu, síðan fara allir í þá leiki eða leiktæki sem þeir vilja enda

margt skemmtilegt í boði, ýmsar stöðvar. Í hádeginu er grillað og eftir það er gleðinni haldið áfram.

### **Sveitaferð**

Í maí förum við í sveitaferð, við skoðum dýrin, leikum okkur og grillum. Í þessa ferð er foreldrum boðið að koma með.

### **Ævintýrahópur**

Að vori þegar líða fer lokum leikskólagöngu barnanna þá mynda elstu börnin svokallaðan ævintýrahóp. Þá er hefðbundið leikskólustarf hjá þeim brotið upp og starfið verður með öðru sniði. Farið er daglega í ferðir, gönguferðir í bænum okkar eða strætóferðir til Reykjavíkur þar sem farið er í ýmiskonar skoðunarferðir t.d. söfn, garða o.fl.. Farið er með nesti og jafnvel grillað einhverstaðar.

### **Bókasafn Mosfellsbæjar**

Börnin fara í litum hópum í heimsókn á bókasafnið þar sem starfsmaður bókasafnsins tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim safnið og les fyrir þau sögu.